

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Alþingi

Erindi nr. P 127/778

komudagur 19.2.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2002

BSRB hefur borist umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum, 378. mál.

BSRB leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins. Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins hefur fram til þessa ekki verið heimild fyrir því í lögum að hlutafélagavæða vatnsveitur. Samkvæmt frumvarpinu yrði sveitarfélögum hins vegar hér eftir heimilað að breyta vatnsveitum sínum í hlutafélög og þar með einkavæða þær. Við þetta gerir BSRB alvarlegar athugasemdir og telja samtökin það vera fullkomlega óábyrgt að ráðast í slíkar grundvallarbreytingar nema að vel athuguðu máli.

BSRB visar til reynslunnar erlendis frá af einkavæðingu vatnsveitna en hún er vægast sagt mjög slæm eins og ótal dæmi eru um. Á vegum BSRB hefur verið fylgst mjög vel með reynslunni af skipulagsbreytingum af þessu tagi víðs vegar um heiminn og hafa í því sambandi komið hingað til lands fjöldi fræðimanna og fulltrúar rannsóknarstofnana sem hafa sérhæft sig á þessu sviði.

Af hálfu BSRB er vilji til að gera ítarlega grein fyrir sjónarmiðum samtakanna ef þess er óskað. Væri æskilegt að slík ósk bærast með nokkrum fyrirvara.

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir